

Haustfundur Betadeildar haldinn 10. september 2015 á Lamb-inn í Eyjafjarðarsveit

Mættar voru 18 konur

Lagt var af stað frá Ícelandair hóteli með sérleyfisbílum Akureyrar og var Gunnar Guðmundsson bílstjóri ferðarinnar. Leið okkar lá fram í Eyjafjörð og leiðsagði Björk formaður. Fyrsta stopp var hjá listakonunni Höddu sem heitir fullu nafni Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir og býr í Fífilbrekku. Hún byrjaði á að ganga með okkur um landareign sína þar sem búið er að byggja hin ýmsu hús stór og smá. Á einum stað er hún með býflugnarækt og sagði hún okkur ýmsar sögur í því sambandi. Eitt hús er með opið eldstæði, í öðru er stór kamína sem heldur húsinu heitu og þar hefur Hadda haldið námskeið og gaf hún okkur fíflavín og te í því húsi. Aðalvinnustofan hennar heitir Dyngjan listhús og er glæsilegt hús þar sem hún er með vefstóla, listmuni o.fl. Við kvöddum Höddu og þökkum fyrir okkur.

Þaðan var haldið yfir á austurbakkann að Meðferðarheimilinu Laugalandi. Þar var áður húsmæðraskóli en er nú meðferðarheimili fyrir stúlkur á aldrinum 13-18 ára. Tveir starfsmenn tóku á móti okkur og einn vistmaður. Starfsemin flutti að Laugalandi árið 2000, þar er pláss fyrir sex stúlkur. Starfsmenn eru 10 auk kennara og sálfræðings. Byggt er á þrepakerfi og vinna stúlkurnar sig áfram í meðferðinni með því að hækka um þrep. Þær sækja skóla að Hrafnagili og framhaldsskóla í fjarkennslu gegnum VMA. Stúlkur hafa útskrifast frá Laugalandi með bÍlpróf, góðar einkunnir og fullar sjálfstrausts. Við þökkum síðan kærlega fyrir okkur og héldum að Öngulsstöðum þar sem hinn formlegi fundur hófst á Lamb-inn.

1. Setning fundar

Björk formaður setti fund, kveikti á kertunum og bauð konur velkomnar, þá flutti hún kveðjur frá fjarstöddum félögum.

2. Orð til umhugsunar

Jónína Hauksdóttir flutti orð til umhugsunar og sagði frá skólagöngu foreldra sinna og húsakosti. Faðir hennar er fæddur í sveit árið 1943 þar var þröngur húsakostur og ekki mikið um nútíma þægindi. Hann var í skóla hálfan mánuð í senn og kláraði barnaskólann 14 ára og fór þá á sjó. Um 21 árs aldur ákvað hann að fara í vélaskóla og iðnskóla og öðlast réttindi. Móðir hennar er fædd 1945 og ólst upp á Akureyri og er önnur reynsla þar með húsakost, skólagöngu og annað. Hún hætti í skóla eftir gagnfræðaskóla, en fór síðar í myndlistarnám og hefur notið sín mjög vel í því. Jónína brýndi okkur á því hvað við hefðum það gott á Íslandi í dag og því mættum við alls ekki gleyma.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. ritari las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

4. Erindi frá stjórn

- a. Kynning á dagskrá vetrarins. Björk formaður lagði fram dagskrá funda og einnig kaffinefndir og var hvortveggja samþykkt.
- b. Fréttabréf landssambandsins. Björk spurði konur hvort þær væru sammála að sleppa pappírsgáfunni af fréttabréfinu og lesa það frekar á vefnum, sagði að sig óaði við pappírssóuninni. Ákveðið var að Björk og Eygló mundu nefna þetta á framkvæmdaráðsfundinum.
- c. Árgjaldið. Margrét Kristín gjaldkeri gerði grein fyrir árgjaldinu sem er 10 þús. fyrir landssamtökin og ákveðið var að halda okkar árgjaldi 6 þús. eins og áður og er því heildargjaldið sem hver þarf að greiða 16 þús. Rætt var um hvað eigi að gera við félagskonur sem greiða ekki árgjaldið og var ákveðið að stjórnin hafi samband við viðkomandi í nóvember og athugi málið.

5. Önnur mál

- a. Björk ræddi um inntöku nýrra félaga og var ákveðið að ræða nánar um inntöku í mars um hvernig framhaldið verður.
- b. Alþjóðadagur kennara er 5. okt. og voru Þorgerður og Selma valdar úr okkar hópi til undirbúningsfundar fyrir þennan dag.
- c. María spurði um samstarf við Mýdeild vegna fyrirspurnar úr síðustu fundargerð og svaraði Björk að nú þegar væri jólafundurinn sameiginlegur, en athugað yrði ef fengnir yrðu fyrirlesarar lengra að, þá myndu deildirnar sameinast um kostnað.
- d. Eygló landssambandsformaður spurði hvort ekki væri upplagt að halda landssambandsþing á Akureyri eftir tvö ár og hvort hún mætti nefna það á næsta framkvæmdaráðsfundi að deildirnar hér væru tilbúnar að taka það að sér. Það var einróma samþykkt.

Björk þakkaði fyrir góðan fund, slökkti á kertum og sleit fundi kl. 20:15.

Eftir fund var snæddur dýrindis kvöldverður á Lamb-inn þar sem lambakjöt og bleikja var á borðum.

Pyngjan góða var látin ganga og dregið var í happdrættinu og fékk Minnie vinninginn.

Ragnheiður Sigurðardóttir, ritari.